

## Stjórnarfundur ÍTF 6. janúar 2026

Mættir fulltrúar: Heimir, Ólafur, Guðbjörg, Baldur og Samúel á Teams.

Gestur: Jónas Gestur frá Deloitte

Fjarrverandi: Styrmir og Heimir

Ritari: Birgir framkvæmdastjóri ÍTF.

Fundur settur kl 11:30

### Fyrir var tekið:

#### 1. Ársreikningur ÍTF

- Birgir og Jónas Gestur fór yfir ársreikning ÍTF. Núverandi rekstrarár gekk mjög vel. Tekjur jukust á milli ára og kostnaður lækkar einnig, góð niðurstaða í erfiðu rekstarumhverfi. Hagnaður ársins verður rétt undir 23 m.kr. Mestu munar um hækkun á markaðstekjum, lækkun á launum og framleiðslukostnaði Lengjudeildar. Handbært fé í árslok voru um 33 m.kr og er gert ráð fyrir því að greiða félögum í Bestu deild karla og kvenna 50 m.kr í árslok 2026.
- Birgir mun taka saman heildargreiðslur til aðildarféлага og heildarkostnað við ÍTF frá 2022 og til 2026 þegar núverandi samningum lýkur(lota).

#### 2. Aðalfundur ÍTF 13.febrúar

- Aðalfundur ÍTF verður haldinn í Vinnustofu Kjarvals í Reykjavík þann 13.febrúar kl 17 – 19. Eftir fundinn verður gestum boðið upp á léttar veitingar. Birgir mun fara yfir ýmis mál á fundinum og leggja fram tillögur til féлага, þar á meðal breytingar á greiðslum í Bestu deild karla og kvenna og fleira sem tengist Bestu deildinni.
- Kosningar: Baldur Már og Samúel gáfu kost á sér áfram en Styrmir tilkynnti að hann myndi ekki halda áfram. Davíð Þór Viðarsson var sá eini sem gaf kost á sér. Stjarnan og ÍA hafa skilað inn umboði fyrir Davíð Þór og því sjálfkjörið í stjórn.
- Engar tillögur hafa borist skrifstofu ÍTF frá aðildarfélögum.

#### 3. Ársþing KSÍ 28.febrúar

- Ársþing KSÍ verður haldið á Egilsstöðum 28 febrúar. Engar tillögur bárust frá aðildarfélögum og verður að lýsa yfir ákveðnum vonbrigðum að svo sé. Þetta er vettfangur aðildarféлага til þess að ræða helstu áhersluatriði þeirra og knattspyrnunnar á Íslandi. Ekki er gert ráð fyrir mótframboðum til stjórnar og verður líklegast sjálfkjörið í stjórn. Ekki virðist vera mikill áhugi á þinginu en mikilvægt að félögin mæti og taki þátt á þinginu..
- Heimir, Ólafur og Birgir mun fara fyrir hönd ÍTF á ársþingið.

#### 4. Markaðsmál

- Ekki er búið að loka nýjum samstarfssamningi. Björn og Birgir hafa fundað með fjölmörgum fyrirtækjum en ljóst er að mörg fyrirtæki eru að halda að sér höndum

í núverandi ástandi. Verkefnið heldur áfram og erum við vongóðir að þessu verður lokað fyrir komandi keppnistímabil.

## 5. Önnur mál

- a. Skattamál – Jónas Gestur kom með frétti af skattamálinu og mun fara yfir það á komandi aðalfundi ÍTF. Heilt yfir eru um að ræða jákvæðar fréttir og er verið að funda jafnt og þétt með yfirvöldum.
- b. Gjaldamál KSÍ – óánægja með hækkun gjalda hjá félögum í neðri deildum. Málefnið verður án efa rætt nánar á aðalfundi ÍTF og ársþingi KSÍ
- c. Livey hefur gert tilboð í Lengjudeild karla og kvenna. Birgir mun halda viðræðum áfram og upplýsa stjórn og félög um framvindu.
- d. Spiideo hefur gert tilboð í endurnýjun á samstarfssamningi. Samningurinn gildir í 3 ár og nær yfir allar deildir ÍTF. Birgir mun senda á félögin á næstu dögum og ganga frá samningi.
- e. ÍTF eru orðnir meðlimir að World League kvenna og er þar ásamt Noregi, Danmörku og Svíþjóð ásamt 17 öðrum deildum um heim allan. Fyrr á árinu varð ÍTF aðili að World Leagues Association þar sem 48 deildir og 1100 klúbbar eru meðlimir.

Ekki fleira rætt og fundi slitið 13:40